




FERLAUFUNGUR

Fréttabréf flóruvina

Áhugamannahóps um verndun og rannsóknir á íslensku flórunni

Dagur hinna villtu blóma 15. júní 2008

Dag hinna villtu blóma ber í ár upp á 15. júní. Eins og áður er hugmyndin að bjóða upp á ókeypis leiðsögn um plöntur í tvo tíma með stuttri gönguferð sem víðast um landið. Hér með er óskað eftir sjálfboðaliðum til að taka að sér leiðsögn, og væri best að þeir gæfu sig fram á hkris@nett.is.

Í fyrra fengust í samnorrænni umsókn peningar til að standa undir sameiginlegum kostnaði, einkum við auglýsingar. Var þetta í fyrsta skipti sem kostað var til auglýsinga hér. Einkum var auglýst í útvarpi, og nokkrum staðbundnum auglýsingablöðum. Engin aukning kom fram í þátttöku við þetta, hvort sem það hefur verið vegna þess að dagurinn 17. júní hafi dregið úr þátttöku á móti, eða hvort slíkar auglýsingar hafi lítið að segja. Þátttaka í fyrra var 98 manns, en mest var hún 124 árið 2005.

Í ár fengust engir fjármunir til auglýsinga, og því verðum við að treysta á fréttamiðla og auglýsingar sem ekki þarf að kosta neinu til, eins og raunar oftast áður.

Nýja 5 x 5 km reitakerfið.

Í síðasta ferlaufungi var hið nýja Reitakerfi Íslands kynnt fyrir flóruvinum. Þar var mælt með notkun 5 x 5 km reitkerfisins fyrir rannsóknir á útbreiðslu plantna, og jafnframt var því lýst allnákvæmlega hvernig flóruvinir geta

nálgast þetta reitkerfi til eigin nota, og stillt GPS-tækin inn á það.

Nú þegar hef ég orðið var við, að örfáir flóruvinir hafa tekið þetta kerfi í notkun með góðum árangri, og sent inn upplýsingar samkvæmt því. Þeim sem enn hafa áhuga á að nýta sér þetta reitkerfi vil ég vísa á síðasta hefti Ferlaufungs sem kom út 2007.

Í því hefti boðaði ég einnig að unnið væri að því að taka upp þetta kerfi í Gagnagrunni plantna, og er því nú lokið fyrir nokkru. Eftir það var auðvelt að síða út úr gagnagrunninum númer allra vanskráðra 5 x 5 km reita, og eins taka saman skrá yfir fjölda skráðra tegunda í hverjum reit. Þessar skrár hafa nú verið settar inn á Flóruvefsíðuna www.floraislands.is og eru staðsettar neðst á upplýsingasíðu um reitkerfið, www.floraislands.is/reitkerfi.htm.

Þar má annars vegar finna upplýsingar um alla reiti sem engin planta er skráð í, og hins vegar er listi yfir alla hina reitina með upplýsingum um hversu margar tegundir hafa verið skráðar í hvern þeirra. Trúlega er þægilegast að prenta þessa lista út, og hafa þá til hliðsjónar þegar verið er að skoða reitskiptinguna á því svæði sem menn ætla að vinna á.

Eins og sjá má eru mjög margir reitir vanskráðir um allt land, og verður því nóg að gera næstu áratuginu fyrir alla sjálfboðaliða sem vilja hjálpa til við að kanna útbreiðslu plantna um landið. Sums staðar byggja upplýsingar í 10 x 10 km reitunum á skráningu í einu horni reitsins, og þegar honum hefur verið skipt upp í fjóra 5 x 5 km reiti, fær einn þeirra allar upplýsingarnar en hinir 3 óskráðir.

Fregnir af starfi flóruvina

Klettaburkni *Asplenium viride*


Klettaburkni telst sjaldgæf tegund á landsvísu. Hann er friðlýstur skv. auglýsingu nr. 184/1978 í Stjórnartíðindum og í samræmi við lög nr. 47/1971 um náttúruvernd. Í friðlýsingunni felst að lagt er bann við að slíta af jurtunum sprota, blöð, blóm eða rætur, traðka á þeim, grafa þær upp eða skerða á annan hátt. Klettaburkni er einnig á válista (Náttúrufræðistofnun Íslands 1996) og talin tegund í nokkurri hættu (LR). Hann hefur verndargildið 8, þar sem sjaldgæfustu tegundirnar fá verndargildið 10 en þær algengustu verndargildið 1. (Hörður Kristinsson o.fl., Vöktun válistaplantna, Fjölrit Náttúrufræðistofnunar 50, 2007).



1. mynd. Klettaburkni vex í klettaskorum. Hann er friðaður samkvæmt lögum og er á válista. Ljósmynd Kristbjörn Egilsson, 29. júlí 2007.



2. mynd. Klettaburkni. Á neðra borði smáblaðanna eru tveir til fimm smáir gróblettir. Ljósmynd Kristbjörn Egilsson, 29. júlí 2007.



3. mynd. Þekkt útbreiðsla klettaburkna, *Asplenium viride*, á Íslandi.

Klettaburkninn vex í klettaskorum, einkum í veggjum mót suðri. Helstu fundarstaðir hans eru: á Fagurhólsmýri, á Kvískerjum, við Ketilsstaðaxlir á Fljótsdalshéraði, undir Geitafellstindi í Hoffellsdal Hornafirði, á Staðarfjalli við Kálfafellsdal í Suðursveit, í Grisatungum við Sæluhúsmúla á Reykjaheiði og í Gjástykki við Hrutafjöll (3. mynd).

Til viðbótar fannst klettaburkni á tveimur nýjum stöðum í Þingeyjarsýslum sumarið 2007. Þessir staðir eru í stórrí gjá sem liggur undir Hamrahlíð austanverðri og í gjá allmiklu norðar, austan við Höfuðreiðarmúla.

Klettaburkni telst til byrkninga og er af klettaburknaætt. Þetta er lítill burkni. Blaðkan lensulaga 4–10 sm á lengd og 7–12 mm á breidd. Hliðarsmáblöðin eru stakktígullaga, egglega eða nær kringlótt, bogtennt. Tveir til fimm smáir gróblettir eru neðan á hverju smáblaði. Til hliðar við yngstu gróblettina má greina himnukennda gróhulu sem hverfur við þroskun. Jarðstöngullinn stuttur, uppsveigður, þéttsettur svörtum, lensulaga hreisturblöðum. Blöðin þéttstæð og á milli þeirra standa stuttir blaðstíkar frá fyrra ári.

Ljóst er að klettaburkni hefur litla útbreiðslu á landsvísu. Þekja hans er lítil og fá eintök af tegundinni finnast á hverjum stað. Virðist sem tegundin eigi erfitt með að dreifa sér og getur það verið vegna þess hve sértæk hún er á búsvæði. Því er mikilvægt að vernda vaxtarstaði klettaburknans.

Þar sem klettaburkni fannst á tveimur stöðum í stórum gjám, sem liggja austan við Hamrahlíð, má gera ráð fyrir að hann vaxi á fleiri stöðum í þeim og öðrum svipuðum gjám á svæðinu.

Kristbjörn Egilsson

Bakkaarfi, *Stellaria alsine*

Bakkaarfi fannst í fyrsta sinn á Íslandi sumarið 2005 svo vitað sé. Hann vex á syðri bakka Bugðu í friðlandinu í Rauðhólum ofan við Reykjavík. Tegundin er lítt áberandi. Vaxtarstaðurinn er grasi



4. mynd. Bakkaarfi, *Stellaria alsine*, skriður með jörð, eða teygir sig lítið eitt upp. Blöðin eru gagnstæð og stilklaus og blómin smá, hvít og fimmdeild. Ljósmynd Kristbjörn Egilsson, 26. ágúst 2005.

gróinn árbakki Bugðu og virðist tegundin ná mestum þroska þar sem hún getur vaxið út í litlar flagskellur. Hér á eftir fer stutt lýsing á tegundinni, en nákvæmari lýsing verður birt síðar þegar tegundin hefur verið skoðuð nánar. Bakkaarfi telst til hjartagrasaættar. Hann er lágvaxinn, blágrænn og líklega fjölær jurt, 10–20 sm á lengd, gæti orðið lengri. Stönglarnir eru grannir, ferstrendir, sléttir og hár-




6. mynd. Bakkaarfi, *Stellaria alsine*, dafnar ágætlega þar sem hann getur vaxið út í litlar flagskellur á bökkum Bugðu. Ljósmynd Kristbjörn Egilsson, 26. ágúst 2005.

lausir nema neðst, skriða með jörð eða teygja sig lítið eitt upp. Blöðin eru gagnstæð, oddbaugótt og stilklaus. Blómin eru fimmdeild og smá, um 5 mm. Krónublöðin eru fimm, hvít, djúpt klofin og miklu styttri en bikarblöðin sem eru græn.

Samkvæmt Flora Europaea og Atlas Florae Europaeae finnst bakkaarfi um alla Mið-Evrópu, á Bretlandseyjum, Skandinavíu og í Færeyjum.

Kristbjörn Egilsson



5. mynd. Þekkt úbreiðsla bakkaarfa, *Stellaria alsine*, á Íslandi.



7. mynd. Á árbakka Bugðu fannst bakkaarfi *Stellaria alsine* í fyrsta sinn á Íslandi. Ljósmynd Kristbjörn Egilsson, 26. ágúst 2005.

Svartburkni, *Asplenium trichomanes*

Þann 26. júlí 2007 fór ég að Borgarstúf í Nesjum í Austur-Skaftafellssýslu, en það er stuðla-bergshamar skammt sunnan við bæinn Krossbæ í Nesjum.



8. mynd. Svartburkni í klettaskoru í Skaftafelli

Í þessum kletti sumarið 1936, sem hann taldi vera nýtt afbrigði af liðfætlu, *Woodsia ilvensis* var. *glabella*.

Ég hafði hug á að vita hvort þetta afbrigði af liðfætlu væri þar enn þá, en ég sá það ekki. Hins vegar sá ég allmikið af fjalla-liðfætlu, *Woodsia alpina*, í Borgarstúf og þar sá ég einnig

þrjá þroskalega brúska af svartburkna, *Asplenium trichomanes*, í klettaskorum.

Áður var búið að finna svartburkna í Skaftafelli og á tveimur stöðum undir Eyjafjöllum. Vonandi á hann eftir að finnast víðar á landinu.

Hálf dán Björnsson, Kvískerjum

Um útdauðar plöntur í flóru Íslands

Aðeins ein íslensk jurt hefur fram að þessu verið talin útdauð úr flóru Íslands. Það er dæðislykillinn, *Primula egaliksensis*. Davíð Sigurðsson bóndi á Stóru-Hámundarstöðum við Eyjafjörð fann hann þar árið 1911. Það leið langur tími þar til tókst að greina hann endanlega, enda er tegundin ekki til annars staðar í Evrópu. Heimkynnin eru Grænland og Kanada, og hafa menn lengi velt því fyrir sér hvernig staðið hafi á honum hér á landi. Enginn vafi leikur á því, að hann sé nú útdauður á Íslandi.

Við úttekt sem á síðustu áratugum hefur verið gerð á

útbreiðslu ýmissa íslenskra tegunda á valista, hafa komið fram vísbendingar um fleiri plöntur, sem líklega eru útdauðar. Oft er þó erfitt að ganga endanlega úr skugga um að svo sé, einkum ef ekki eru fyrir hendi nákvæmar upplýsingar um fyrri staðsetningu tegundanna.

Í 3. útgáfu Flóru Íslands er getið um reykjadeplu, *Veronica arvensis*. Hún er upphaflega talin vera slæðingur, sem líklega hefur borist til landsins með grasfræi sem sáð var í grennd við Reykjalaug í Fnjóskadal um 1930. Hún breiddist nokkuð út í hinum volga jarðvegi næstu árin, og var í Flóru Íslands talin vera að ilendast. Síðast eru heimildir um hana árið 1975, en nú virðist hún alveg horfin af svæðinu. Naðurtunga óx einnig við laugina á árum áður, en er þar nú líklega útdauð. Trúlega hefur það gerst þegar jarðhiti laugarinnar var virkjaður fyrir nokkrum árum síðan, en þá varð veruleg breyting á heitavatnsrennslinu. Hvort sama gildir um reykjadepluna er ekki vitað.

Gljástör, *Carex pallescens* hefur fundist á tveim stöðum á landinu, í Hvammi undir Eyjafjöllum og við Hrafnabjörg í Hörðudal, Dalasýslu. Í Hvammi vex mikið af þessari stór á allstóru svæði, en á Hrafnabjörgum virðist samkvæmt lýsingu Ingimars Óskarssonar hafa verið lítið af henni. Leitað var eftir stöðinni á Hrafnabjörgum árið 2003. Auðveldlega tókst að finna fundarstaðinn eftir nákvæmri lýsingu Ingimars Óskarssonar, sem fann hana á sínum tíma. Hins vegar virðist nokkuð ljóst, að störin er horfin frá þeim bletti sem mest var af henni. Ingimar gat þess hins vegar, að lítið eitt hafi verið af henni á einum stað í túninu, en ekki er vitað nákvæmlega hvar sá staður var. Það er því ekki útilokað að störin geti leynst einhvers staðar í landi Hrafnabjarga, en flest bendir til að hún sé útdauð þar. Hins vegar er enn mikið af henni í Hvammi undir Eyjafjöllum á nærri 10 hektara svæði.

Ekki hefur heldur tekist að finna mosaburkna, *Hymenophyllum wilsonii*, síðustu árin, en hann fannst á litlum bletti í Deildarárgili í Mýrdal. Það er hins vegar ógerlegt að ganga úr skugga um hvort hann sé alveg horfinn eða ekki, því gilið er víðáttumikið og erfitt yfirferðar.

Eftir er að ganga úr skugga um flæðaskurfu, *Spergularia salina*, sem Ingólfur Davíðsson fann á þrem stöðum: Efri-Langey og Hrappsey í Breiðafirði, og í Langeyjarnesi á Skarðsströnd. Á síðastnefnda staðnum fannst hún ekki árið 2003 þrátt fyrir nokkra leit. Eftir er að skoða hina staðina.



N Á T T Ú R U F R Æ Ð I S T O F N U N Í S L A N D S

Borgum við Norðurslóð Pósthólf 180 602 Akureyri Sími 460 0500 Bréfasími 460 0501
Hlemmi 3 Pósthólf 5320 125 Reykjavík Sími 590 0500 Bréfasími 590 0595